

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir stöðu rekstrarheimilda á málefnasviði dómstóla 2023 og mat á viðbótarþörf 2024-2028.

REKSTUR 06220,06210,06205	Fjárheim. 23	Rekáætl. 23	Fjármáætl. 24	Fjármáætl. 25	Fjármáætl. 26	Fjármáætl. 27	Fjármáætl. 28
Dómstólasýslan rek. 06220	339.300.000	337.750.227					
Áætluð útgjaldaaukning		15.000.000	25.000.000	25.000.000	25.000.000	25.000.000	25.000.000
Samtals	339.300.000	352.750.227					
Mismunur		-13.450.227					
Héraðsdómstólar rek. 06210	2.057.400.000	2.142.497.563	13.000.000	13.000.000	13.000.000	13.000.000	13.000.000
Flutt frá 2022	94.071.003						
Samtals	2.151.471.003	2.142.497.563					
Mismunur		8.973.440					
Landsréttur rek. 6205	823.300.000	831.301.121	64.000.000	64.000.000	64.000.000	64.000.000	64.000.000
Flutt frá 2022	17.565.720						
Viðbótar dómari		9.000.000					
Samtals	840.865.720	839.301.121					
Mismunur		1.564.599					

Engar tillögur voru settar fram af hálfu Hæstaréttar um þörf á auknum fjárheimildum.

Dómstólasýslan

Áætluð útgjaldaaukning á árinu 2023 er vegna launa upplýsingatæknisérfræðings frá 1. ágúst 2023, kostnaðar vegna útboða á rekstrar- og notendapjónustu við alla dómstóla og aukins kostnaðar vegna námsleyfa dómara.

Lagt er til rekstrarframlag til dómstólasýslunnar verði hækkað um alls **25 millj. kr.** á ári. Þar af verði **15 millj. kr.** varið í nýja stöðu upplýsingatæknisérfræðings. Lagt er til að á næstu árum verði staðan fjármögnuð með lækkun fjárfestingaframlags um - **15 millj. kr.** Stofnunin hefur á síðustu árum bent dómismálaráðuneytinu á mikilvægi þess að fá fjármagn til að ráða upplýsingatæknisérfræðing sem getur sinnt

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir stöðu rekstrarheimilda á málefnasviði dómstóla 2023 og mat á viðbótarþörf 2024-2028.

hlutverki kerfisstjóra dómstóla. Stofnunin fer með yfirstjórn upplýsingatæknimála dómstóla, annast þróun þeirra mála og á að koma eftir þörfum með ábendingar af því tilefni, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga um dómstóla nr. 50/2016. Hingað til hefur enginn upplýsingatæknimenntaður starfsmaður starfað hjá dómstólasýslunni eða dómstólum. Öll þjónusta vegna upplýsingatæknimála er aðkeypt og hefur dómstólasýslan sem ábyrgðaraðili upplýsingatæknimála staðið höllum fæti í samskiptum við birgja og ekki getað veitt starfsfólki dómstóla fullnægjandi þjónustu.

Þá er lagt til að fjárheimildir dómstólasýslunnar verði hækkaðar um 10 millj. kr. á ári þar sem ljóst er að kostnaður vegna Endurupptökudóms, sem dómstólasýslan hýsir og rekur, var vanmetinn í upphafi. Endurupptökudómur var stofnaður með lögum nr. 47/2020. Af athugasemdum við frumvarpið sem varð að lögum nr. 47/2020 má ráða að ekki var gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur dómsins yrði meiri en af rekstri endurupptökunefndar sem þá var vistuð hjá dómstólasýslunni. Árið 2019 voru 19 millj. kr. fjárheimildir endurupptökunefndar fluttar á dómstólasýsluna. Árið 2021 var launakostnaðurinn við dóminn um 24 millj. kr. og kostnaður vegna aðkeyptrar þjónusta 2 millj. kr. eða samtals um 40 millj. kr. Samkvæmt rekstraráætlun dómsins fyrir 2023 er gert ráð fyrir að heildarútgjöld dómsins lækki og verði um 35,5 millj. kr. Rekstraráætlunin byggir á mati dómsins á því álagi sem ætla má að verði hjá dómstólnum til framtíðar. Telja má alveg víst að kostnaður af rekstri Endurupptökudóms hafi verið vanáætlaður og að þörf sé á að hækka framlag til dómstólasýslunnar vegna þessa um a.m.k. **10-15 millj. kr.**

Þá vill dómstólasýslan vekja athygli á því að í launatölum stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld vegna sérfróðra meðdómenda. Um er að ræða sveiflulið í rekstri sem nam samtals um 91 millj. kr. 2022, 102 millj. kr. 2021 en 64 millj. kr. 2020. Óvissa um kostnað dómstólasýslunnar vegna rekstrar upplýsingatæknikerfa er einnig talsverður og hefur kostnaðurinn vaxið það sem af er þessu ári. Það er því afar erfitt að áætla fyrir þessum liðum í rekstri og getur verið þörf á að fá viðbótarheimildir úr varasjóði málefnasviðsins á hverjum tíma eða á fjáráuka.

Héraðsdómstólar

Við lok rekstrarársins 2022 var samtals um 94 millj. kr. afgangur af rekstri héraðsdómstóla. Þrátt fyrir það eru grunnfjárheimildir héraðsdómstóla í raun of lágar. Afgangurinn skýrist að nokkru af því að á árinu 2022 var veitt 30 millj. kr. viðbótarfjármagn til að standa undir tímabundnum kostnaði vegna ráðningar tveggja aðstoðarmanna vegna aukins álags við slitameðferð fyrirtækja sem gert var ráð fyrir að myndaðist við breytingu á lögum um skráningu raunverulegra eigenda sem áætlað var að tækju gildi 2022. Ekki varð af lagabreytingunni fyrr en 2023, sbr. lög 139/2022 sem tóku gildi 1. jan. 2023. Þegar hefur verið ráðið í umræddar stöður.

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir stöðu rekstrarheimilda á málefnasviði dómstóla 2023 og mat á viðbótarþörf 2024-2028.

Þær u.þ.b. 60 millj. kr. sem eftir standa af rekstrarafgangi héraðsdómstóla mynduðustu vegna mikils fjölda tímabundinna launalausra leyfa dómara á árinu 2020 og 2021. Þar sem leyfin vörðu að jafnaði skemur en 6 mánuði var ekki sett í stöðurnar á tímabilinu. Flest leyfin voru vegna setningar héraðsdómara við Landsrétt vegna launaðra leyfa dómara við Landsrétt í tengslum við þá stöðu sem kom upp vegna dóms Mannréttindadómstóls Evrópu vegna skipunar dómara við réttinn. Grunnfjárheimildir héraðsdómstóla eru því ekki of rúmt áætlaðar. Þvert á móti er mikil þörf á að styrkja rekstur héraðsdómstóla. Þróun starfa hjá héraðsdómstólum krefst aukinnar menntunar og tæknifærni, m.a. vegna stafrænnar þróunar. Þá er mönnun mjög knöpp á ýmsum dómstólum. Mat á álagi við Héraðsdóm Suðurlands sýnir að þar þyrfti að bæta við aðstoðarmanni. Einnig er rétt að vekja athygli á því að enginn dómvörður starfar við Héraðsdóm Reykjaness enda þótt þar sé þörf á öryggisgæslu. Gert var ráð fyrir því í áætlun dómstólasýslunnar til dómsmálaráðuneytisins að hækka þyrfti framlög til launa við héraðsdómstólana um a.m.k. **13 millj. kr.** Um er að ræða afar varlega áætlaða fjárhæð.

Fyrir Alþingi liggur frumvarp um sameiningu héraðsdómstóla í einn héraðsdómstól (þskj. 1395). Í umsögn dómstólasýslunnar við frumvarpið varaði stofnunin við því að ráðist yrði í sameiningu héraðsdómstóla á þeirri forsendu sem fram kom í frumvarpinu að sameiningin verði að fullu fjármögnuð innan ramma gildandi fjárlaga. Í þessu sambandi sagði nánar tiltekið í umsögn dómstólasýslunnar: „Dómstólasýslan hefur gert grein fyrir aukinni útgjaldþörf á málefnasviði dómstóla við undirbúning fjármálaáætlunar fyrir tímabilið 2023-2027 og á ný fyrir tímabilið 2024-2028. Útgjaldþörfin tengist m.a. þróun á innri kerfum dómstólanna vegna stafrænna umbóta hjá dómstólunum og þörf fyrir tækniþjónustu og tækniþekkingu hjá dómstólasýslunni og dómstólunum. Þessar umbætur eru nauðsynleg forsenda þess að ná fram áður nefndum ávinningi af sameiningu héraðsdómstólanna.“ Dómstólasýslan ítrekar hér með þessi sjónarmið. Þá er rétt að upplýsa að það er mat dómstólasýslunnar að stofnkostnaður vegna breytinganna nemi samtals um 130 millj. kr. Þá nemi aukinn rekstrarkostnaður á tímabilinu 2025-2027 um 120 millj. kr. Varanlegur kostnaður til framtíðar verði svo um 22 millj. kr. Dómstólasýslan kom þessum upplýsingum á framfæri við dómsmálaráðuneytið.

Landsréttur

Samtals er gert ráð fyrir að auka þurfi rekstrarheimildir Landsréttar um **64 millj. kr.** Þar af eru **30 millj. kr.** vegna skipunar á nýjum dómara, en Alþingi hefur samþykkt breytingu um fjölgun dómara við réttinn um einn, þ.e. úr 15 í 16. Þá hefur Landsréttur fært rök fyrir því að vegna fjölgunar mála og mikils álags við réttinn þurfi samhliða að styrkja skrifstofu réttarins. Ráða þurfi einn starfsmann í almenn skrifstofustörf. Áætlað er að kostnaður vegna hans nemi **13. millj. kr.** á ári. Þá þurfi á sömu forsendum að ráða einn aðstoðarmann til viðbótar. Kostnaður vegna hans nemi **16 millj. kr.** Að lokum er gert ráð fyrir að bæta þurfi **5 millj. kr.** við rekstrarheimildir dómstólsins vegna setningar varadómara þegar dómara eru vanhæfir við réttinn.

Fylgiskjal 1. Yfirlit yfir stöðu rekstrarheimilda á málefnasviði dómstóla 2023 og mat á viðbótarþörf 2024-2028.

Í umsögn dómstólasýslunnar við frumvarp dómsmálaráðherra um fjölgun dómara (þskj. 1267), sem nú er orðið að lögum, kom fram að dómstólasýslan teldi varhugavert að gera ráð fyrir því að áætlaður kostnaður vegna fjölgunar dómara úr 15 í 16 rúmaðist að fullu innan ramma fjárlaga. Dómstólasýslan ítrekar hér með þessi sjónarmið. Með slíkri ráðstöfun væri í reynd verið að skerða rekstrarheimildir á málefnasviði dómstóla til framtíðar um 30 millj. kr. á ári á sama tíma og þörf er á að auka rekstrarheimildir á málefnasviðinu. Hins vegar má að mati dómstólasýslunnar gera ráð fyrir því að verja megi uppsöfnuðum afgangi af rekstri Landsréttar 2022 til að fjármagna laun viðbótardómara á árinu 2023.